

# FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnaþraut 13, 540 Blönduós

10. árg. 1. tbl. 2011

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: [www.rhs.is](http://www.rhs.is)

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)

netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)

Janúar 2011

## EFNI BRÉFSINS

### Fósturvísatalning

\*\*\*

### Sauðfjárskýrslur

\*\*\*

### Nýliðunarstyrkir í sauðfjárrækt

\*\*\*

### Framfarir ásetningsslamba

\*\*\*

### Lambaskoðanir 2010

\*\*\*

### Niðurstöður heysýna

\*\*\*

### Próunarsjóður BHS Styrkir 2010

\*\*\*

### Hrossaskýrslur og DNA greining

## Fósturvísatalning hjá sauðfé

Fósturtalningu er best að framkvæma 45-90 dögum eftir fang. Þeir aðilar sem taka að sér að telja fóstur í ám eru:

- Heiða Guðný og Elín Heiða s. 866-0790, 848-1510.
- Guðbrandur Þorkelsson s. 434-1302, 848-0206.
- Gunnar Björnsson, s. 465-2229, 822-6108.
- Ásta Guðbjörg Einarsdóttir, s. 453-6508, 849-5665

## Sauðfjárskýrslur

Lokaskiladagur sauðfjárskýrsluhaldsins er 1. febrúar næstkomandi.

- Þeir sem eru í netskilum þurfa að loknum öllum færslum að smella á "Skil að hausti" sem er neðarlega á gulu stikunni hægra megin.
- Þeir sem eru enn með gömlu fjárvísi geta sent haustskila skrána á [hh@bondi.is](mailto:hh@bondi.is)
- Þeir sem eru með fjárbækur þurfa að koma þeim á skrifstofuna til okkar hjá BHS eða senda beint suður á: Bændasamtök Íslands, b.t. Jón Viðar, Bændahöllinni við Hagatorg, 107 Reykjavík.

Athugið að muna eftir að gera grein fyrir afdrifum áa sem var slátrað eða fórust/vantar á heimtur á árinu, svo þær séu ekki að þvælast fyrir í gulu bókinni næsta vor.

Ef einhvern vantar aðstoð við vinnslur í fjárvísi eða fjarvis.is er velkomið að hringja í Önnu Möggu eða Kristján í síma 451-2602.

## Nýliðunarstyrkir í sauðfjárrækt

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið hefur staðfest breytingu á reglum um nýliðunarstyrki í sauðfjárrækt. Breytingin felst í því að hægt er nú að sækja um framlög fimm ár í röð í stað þriggja áður, þó aldrei lengur en út gildistíma núverandi sauðfjársamnings.

Þeir sem fengið hafa framlög þrisvar nú þegar, geta því sótt um tvisvar í viðbót. Næsti umsóknarfrestur rennur út 1. mars 2011. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu okkar, [www.rhs.is](http://www.rhs.is) undir „Eyðublöð“.

Breytingin er gerð að tillögu samtaka ungra bænda, en var samþykkt af stjórnnum Landssamtaka sauðfjábænda og Bændasamtaka Íslands.

---

---

## Framfarir ásetningslamba

Sennilega verður seint tíundað nóg mikilvægi þess að ala gimbrar vel á fyrsta vetri. Rannsóknir hafa í gegnum tíðina sýnt fram á að lembdar lambgimbrar þurfa helst að þyngjast um a.m.k. 15-18 kg á fyrsta vetri til að eiga möguleika á að ná fullum þroska. Með fullum þroska er miðað við að þær hafi náð sama þunga og geldar stallsystur þeirra að loknum öðrum vetri. Sýnt hefur verið fram á að gimbrar sem aldar eru vel, verða til muna frjósamari og afurðasamari út allt æviskeiðið svo þarna er eftir töluverðu að slægjast.

Nú er því full ástæða til að taka stöðuna í fjárhúsunum og sjá hvað gimbrarnar hafa náð að þyngjast frá síðasta hausti. Þær eiga að hafa náð um þriðjung af þessu eða a.m.k. 5-6 kg þyngingu frá því í haust. Svo er sjálfsagt að vigta þær reglulega yfir veturinn og sjá hvernig þeim miðar. Rétt er að hafa í huga að vigta þá nokkuð á sama tíma dags, til að vambarfyllin sé ekki að hafa áhrif.

Ef gimbrarnar hafa ekki verið að þyngjast nóg, er enn tími til stefnu til að bæta úr því. Velja þarf orku- og próteinríkt (snemmslegið) og helst þurrlegt hey handa þeim. Ef það er ekki til verður að bæta það upp með kjarnfóðri. Bygg er eitt og sér ekkert sérstakt til fóðrunar lambgimbra vegna þess að það er ekki mjög próteinríkt. Með fiskimjöli eða jafnvel sojamjöli getur það hins vegar komið vel út. Sömuleiðis eru margar kjarnfóðurböndur á markaði og borgar sig þá að kaupa frekar próteinríkari böndur þó að þær séu eitthvað dýrari.

Í framhaldi af þessu er rétt að minna menn á að taka tímanlega frá þær ær sem af einhverjum orsökum fóðrast illa (gamlar, haltar o.s.frv.) og hygla þeim sérstaklega í fóðri og átplássi. Ef þetta trassast of lengi er erfitt að ná þeim til baka. *AMJ*

---

---

## Lambskoðanir 2010

Búið er að taka endanlega saman lambskoðanirnar frá því í haust. Síðastliðið haust voru skoðuð um tvö þúsund fleiri lömb en árið á undan eða 21.694 lömb í allt. Skiptist það í 17.997 gimbrar og 3.610 hrúta og var aukningin fyrst og fremst í fjölda skoðaðra gimbra. Áhugavert er að rétt ríflega helmingur allra skoðaðra lambhrúta á svæðinu eru í Strandasýslu en gimbrarnar skiptast jafnar.

Eitt lamb mældist með 39 mm þykkun bakvöðva og var það gimbur, Krummadóttir frá Steinnesi í A-Hún. Einn lambhrútur mældist síðan með 38 mm þykkun bakvöðva og var það At-sonur á Steiná 3 í Svartárdal.

Meðal ómvöðvi gimbra á svæðinu var 26,3 mm eins og í fyrra en meðal ómvöðvi hrúta var 27,8 mm sem er sjónarmun meira en í fyrra (27,6). Þykkasti bakvöðvinn í >50 lamba gimbrahjörð var hjá Jóhönnu og Gunnari á Akri eða 30 mm. Næst á eftir þeim koma gimbrar þeirra Ara Guðmundar og Elínar Önnu á Bergsstöðum í Miðfirði með 29,4 mm og þar á eftir gimbrarnar hjá Jóni og Ernu í Broddanesi með 29,1 mm.

Af sonum stöðvarhrúta voru synir Brodda 07-824 frá Broddanesi og Týs 06-819 frá Melum að stigast hæst með 83,7 stig að meðaltali. Þykkasti bakvöðvinn var hins vegar hjá sonum Borða 08-838 frá Hesti eða 29,7 mm að meðaltali. Freyðir 07-810 frá Hesti fylgir þar í kjölfarið með 29 mm slétta.

Hér á næstu síðu er hægt að sjá yfirlit yfir efstu lambhrúta í hverri sýslu. Þeim er raðað eftir heildarstigum en síðan eftir þykkt á ómvöðva, ómfitu og lögun á ómvöðva. *AMJ*

## Niðurstöður heysýna 2010

Mun fleiri bændur létu greina fyrir sig heysýni á síðasta ári en verið hefur undanfarin ár. Greind voru alls 121 sýni, þar af 101 sýni úr fyrsta slætti. Örfá sýni voru tekin úr 2. slætti, grænófóðri og korni. Í töflunum hér fyrir neðan sjást meðaltöl mælinga úr 1. slætti á svæðinu, flokkuð eftir aðalbúgrein búa.

**1. tafla. Orku- og próteininnihald heysýna úr 1. slætti á svæði BHS**

Svæði	Fjöldi sýna	Meltan-leiki, %	FEm/kg þurrefnis	Prótein, g/kg þ.e.	AAT g/kg þ.e.	PBV g/kg þ.e.
Viðmið (í góðu heyi)		70	0,80	150	85	1
A-Hún, sauðfjárþú	30	66	0,74	144	74	15
A-Hún, kúabú	20	69	0,78	173	75	42
V-Hún, sauðfjárþú	27	69	0,79	164	70	43
V-Hún, kúabú	20	71	0,81	166	71	43
Strandir, sauðfjárþú	4	69	0,77	171	74	42
<b>Meðaltal:</b>		<b>68</b>	<b>0,77</b>	<b>160</b>	<b>72</b>	<b>35</b>

Heyin voru að mælast þurr en mikill munur var á milli sýslna. Í A-Hún voru þau 65% þurr að meðaltali en 51% í V-Hún. Athyglivert er að sjá hve sauðfjárþú bændur í A-Hún virðast hafa almennt orkusnaud hey. Meðalorkuinnihald sýnanna var ekki nema 0,74 FEm. Svoleiðis hey er hægt að gefa fé með þökkalegum árangri yfir miðjan veturinn. Ef þannig hey er aftur á móti notað eingöngu á fengitíma eða sauðburði er ekki hægt að vænta mikillar frjósemi eða mjólkurframleiðslu hjá ánum. Próteinið er yfirleitt að mælast frekar hátt. Í raun er hlutfallið á milli orku og próteins yfirleitt ekki nógu gott ef menn eru að fóðra á heyjunum eingöngu. Það vantar meiri orku til að skepnurnar nái að nýta allt próteinið. Því eru PBV gildin (próteinjafnvægi í vömb) yfirleitt að mælast há. Best er að það sé í kringum núll í heildarfóðrinu sem skepnan fær. Með heyjum með hátt PBV gildi þarf því að velja kjarnfóður með lágt (neikvætt) PBV gildi.

**2. tafla. Steinefnainnihald (g/kg þ.e.) heysýna úr 1. slætti á svæði BHS**


Svæði	Fjöldi sýna	Ca	P	Mg	K	Na	S
Viðmið (í góðu heyi)		4,0	3,0	2,1	18	1,8	2-3
A-Hún, sauðfjárþú	30	3,9	2,9	2,6	14	1,0	2,0
A-Hún, kúabú	20	4,1	2,9	2,5	16	1,1	2,3
V-Hún, sauðfjárþú	27	3,5	3,1	2,3	17	1,8	2,1
V-Hún, kúabú	20	3,9	3,0	2,5	18	1,9	2,2
Strandir, sauðfjárþú	4	4,1	3,0	2,6	14	3,1	2,4
<b>Meðaltal:</b>		<b>3,8</b>	<b>3,0</b>	<b>2,5</b>	<b>16</b>	<b>1,5</b>	<b>2,2</b>

Ef litið er á steinefnainnihald sýnanna eru þau yfirleitt í ágætis lagi. Þó er áberandi hvað kalkinnihaldið (Ca) var að mælast oft lágt í sýnunum úr V-Hún. Við nánari skoðun virðist mega rekja það til þess að sýnin eru af mýrartúnunum, sem eru þá trúlega of súr. Magn af fosfór (P), magnesíum (Mg) og Kalí (K) er að jafnaði í lagi. Þó er töluverður breytileiki í sýnunum. Lágur P-tölur (undir 2,5) og K-tölur (undir 10) gefa til kynna að grösin hafi ekki haft nægan aðgang að þeim næringarefnum. Eins eru til sýni með óþarflega háar tölur sem gefa vísbendingar um að draga megi úr fosfór- og kalíinnihaldi í áburði. Natríum (Na) er að mælast mjög lágt í

sýnunum í A-Hún, sem sýnir fram á það hve mikilvægt er að búfé hafi aðgang að salti. Brennisteinn er að jafnaði í lagi, þó var áberandi hvað hann var oft lítil í sýnum af melatúnum.

### Áhrif sláttutíma á heygæði

Á myndinni hér fyrir neðan sést hvernig orkuinnihald heysýnanna breytist með sláttutíma. Línan á myndinni sýnir meðaltalið og eins og við sjáum að þá fellur orkan bæði hratt og snemma. Í heyi sem slegið var 1. júlí er orkuinnihaldið t.d. ekki orðið nema um 0,78 FEm að meðaltali. Ef litið er á sýnin frá kúabændum eingöngu er fallið mun meira eftir sláttutíma. Það er í raun mjög eðlilegt því að á sauðfjárbúunum eru túnin meira beitt og eins yfirleitt seinna borið á þau sem seinkar þroskanum. Eins er minna af nýræktum sem gerir það að verkum að heygæðin ná aldrei sömu hæðum eins og ef um nýræktarhey væri um að ræða. Misjafnt er eftir túngrösnum hversu hratt meltanleikinn fellur er líður á sumarið. Meltanleiki vallarfoxgrass er hár sé það slegið snemma en fellur hraðar en annarra tegunda ef undan er skilið háliðagras. Meltanleiki vallarsveifgrass fellur aftur á móti mun hægar er líður á vaxtartímann þar sem lítil hluti þess fer í kynvöxt (puntar sig seint). Vert er að hafa í huga að hlýrra og þurrara tíðarfar, eins og hefur verið síðustu ár, gerir það að verkum að orkugildi grasanna er að falla mun fyrir en það var að gera fyrir 10-15 árum síðan. Þá var jafnan hægt að fá þokkalegt hey þó ekki væri slegið fyrir en viku af júlí.



### Bygg

Nokkur byggsýni voru tekin á svæðinu. Þær mælingar gefa til kynna vel þroskað korn. Orkan var að mælast um 1,1 FEm/kg þurrefni og próteinið býsna hátt eða á milli 11,4-16,5% af þurrefni. Próteininnihaldið er mjög tengt frjósemi jarðvegsins, þ.e. eftir því sem jarðvegurinn er frjósamari því herra verður próteininnihaldið. Frjósamur jarðvegur er að auki að gefa mun meiri kornuppskeru en rýr jarðvegur. Á móti kemur reyndar að bygg í frjósömum jarðvegi þarf lengri vaxtartíma til að ná þroska.

### Auka þarf heysýnatöku meðal bænda.

Til að auka sýnatöku bænda er nauðsynlegt að fá bændur til að nýta sér niðurstöðurnar, þ.e. að blaðið fari ekki beint ofan í skúffu og gleymist þar. Heysýnin eru góð tæki til að átta sig á gæðum heyforðans m.t.t. fóðrunar yfir veturinn og eins við að meta áburðarþörf túna. Niðurstöðurnar fyrir svæðið gefa í raun til kynna að bændur séu jafnvel að ofmeta heygæðin hjá sér sem kemur þá niður á afurðunum. Það má segja að almenn þátttaka hafi bara verið á einu svæði en það var í Víðidalnum. Það er örugglega að einhverju leyti vegna þess að þar ákvað búnaðarfélagið að styrkja sína félagsmenn til heysýnatöku. Önnur búnaðarfélög ættu hiklaust að skoða þann möguleika.

---

## Að lokum

- Miðað við veðurfar síðustu ára er nauðsynlegt að koma áburði eins snemma á túnin og kostur er – jafnvel þó þau verði beitt. Sumarið er stutt og því mikilvægt að nota sprettutímamann fyrri hluta sumars eins vel og kostur er. Almennt séð má segja að hey sem sauðfjárbændur ætla að gefa á fengitið og um sauðburð verði að slá fyrir 1. júlí, annars er orkan í því orðin of lítil. Mikil kjarnfóðurgjöf vegna lélegra heyja getur aldrei talist vera hagkvæm leið – þó hún hafi því miður oft verið nauðsynleg. Kúabændur þurfa að byrja slátt mun fyrr til að ná úrvalshevi eða um 20. júní.
- Velþroskað korn, ræktað á frjósömu landi er úrvals fóður og ætti að henta vel með próteinmiklu en ekki mjög orkuríku hevi. Það er einmitt einkenni heyja af gamalræktuðum túnnum. Huga þarf þó vel að því að uppfylltar séu stein- og snefilefnaþarfir skepnanna. Sérstaklega þarf að varast að vanmeta ekki kalkþörf hámjólka kúa og nýborinna áa.
- Bændur með melatún þurfa að hafa varann á sér hvað varðar brennisteinsskort í túnnum hjá sér.
- Huga þarf betur að endurræktun túna til að fá orkuríkara og lystugra fóður. *KÓE*

---

## Þróunarsjóður BHS - styrkir 2010

Eins og áður hefur komið fram var ákveðið að styrkja á þessu ári námsfólk af okkar svæði sem er í landbúnaðartengdu námi. Í reglum um Þróunarsjóð BHS stendur að aðeins megi veita sem nemur ársvöxtum úr sjóðnum en ekki ganga á höfuðstólinn. Í ljósi þess hve innistæður á bankareikningum skila lélegri ávöxtun þetta árið ákvað stjórn BHS að túlka "landbúnaðartengt" nám mjög þröngt þetta árið og því var ekki hægt að verða við öllum óskum um stuðning.

Eftirtaldir 6 nemar fengu 45 þús kr styrk hver:

Erla Rún Guðmundsdóttir, Bergstöðum Svartárdal - er á öðru ári í Búfræðinámi við LBHÍ  
Guðni Ellertsson, Sauðá - er á öðru ári í Búfræðinámi við LBHÍ  
Katrín Sif Rúnarsdóttir, Neðra Vatnshorni - er á öðru ári í ferðamálafræðum við Háskólann á Hólum  
Leifur Georg Gunnarsson, Hvammstanga - er á öðru ári í hestafræðum á Hólum  
Sveinn Óli Friðriksson, Stóra-Ósi – er á fyrsta ári í Búfræðinámi við LBHÍ  
Rúnar Aðalbjörn Pétursson, Hólabæ - er á fyrsta ári í Búfræðinámi við LBHÍ

Við óskum þessum nemum góðs gengis í námi sínu og vonum að styrkurinn nýtist þeim vel.

---

## Hrossaskýrslur og DNA-greining

Minum þá hrossaeigendur sem ekki hafa ennþá skilað til okkar folaldaskýrslum, afdrifaskýrslum eða stóðhestaskýrslum frá 2010 að gera það sem allra fyrst. Örmerkingamenn eru einnig minntir á að skila einstaklingsmerkingarblöðum til okkar sem allra fyrst eftir að örmerking er framkvæmd til að hægt sé að halda skráningum í Worldfeng sem réttustum á hverjum tíma. Sama á við um frostmerkingar.

Þeir sem vilja láta starfsmenn BHS örmerkja og/eða að taka DNA-sýni úr folöldum og öðrum hrossum eru beðnir að panta það sem fyrst svo hægt sé að framkvæma þetta á sem hagkvæmasta hátt. Áhugasamir hafi samband sem í síma 451-2602 eða sendi póst á [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is). Athygli er vakin á því að hross fædd 2007 og síðar fá ekki A-vottun nema tekið hafi verið úr þeim DNA-sýni til staðfestingar ætternis.

Allir sem eru félagar í Hestamannafélagi eða Hrossaræktarsamtökum eiga rétt á að fá frían aðgang að Worldfeng. Þeir hrossaeigendur sem aðgang hafa að Worldfeng geta framkvæmt eigendaskipti og skráð afdrif hrossa sinna sjálfir á netinu með því að fara inn í sína "Heimarétt" í Worldfeng. Einnig geta eigendur skráð folöld sín sjálfir að því tilskyldu að mæðurnar hafi verið skráðar hjá stóðhesti árið áður. Því er mjög mikilvægt að skila stóðhestaskýrslum fyrir alla stóðhesta sem hafðir voru í merum í sumar. Aðgengi að Worldfeng er tvímælalaust til mikilla þæginda fyrir hrossaeigendur því kröfur um skráningar fara sífellt vaxandi og auðvelt er að hafa hross allra fjölskyldumeðlima í sömu heimaréttinni til þæginda. *GR*